

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2007/EES/26/01

frá 30. október 2003

um viðurkenningu á ákveðnum aðferðum til að hindra myndun sýkla í samlokum og sæsniglum (*)

(tilkynnt með númeri C(2003) 3984)

(2003/774/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/493/EBE frá 22. júlí 1991 um hollustuhætti við framleiðslu og markaðssetningu fiskafurða ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) 806/2003/EB ⁽²⁾, einkum 2. lið IV. liðar IV. kafla viðaukans við hana,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/25/EBE frá 11. desember 1992 um viðurkenningu á ákveðnum aðferðum til að hindra myndun sýkla í lifandi samlokum (tvískelja lindýrum) og sæsniglum ⁽¹⁾ hefur verið breytt í veigamiklum atriðum ⁽²⁾. Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda ákvörðunina.
- 2) Samlokur (tvískelja lindýr) og sæsniglar, sem eru tekin á svæðum sem um getur í b- og c-lið 1. liðar I. kafla viðaukans við tilskipun ráðsins 91/492/EBE frá 15. júlí 1991 um heilbrigðisskilyrði fyrir framleiðslu og markaðssetningu lifandi samloka (tvískelja lindýra) ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003, geta reynst hættuleg neytendum ef þau eru ekki meðhöndluð á réttan hátt.
- 3) Spánn, Breska konungsríkið og Holland hafa lagt til aðferðir til að hindra myndun sýkla í samlokum (tvískelja lindýrum) og sæsniglum.

- 4) Þessi vinnsluferli nægja til að tryggja heilbrigðar afurðir og því er ekki nauðsynlegt að hreinsa þær eða umleggja áður en þær eru settar á markað.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Hér með eru viðurkenndar aðferðirnar sem eru tilgreindar í I. viðauka við þessa ákvörðun og hindra myndun sýkla í samlokum (tvískelja lindýrum) og sæsniglum, sem eru veidd á svæðunum sem um getur í b- og c-lið 1. liðar I. kafla viðaukans við tilskipun 91/492/EBE og hafa hvorki verið umlögð né hreinsuð áður en þau eru sett á markað.

2. gr.

Ákvörðun 93/25/EBE er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvörðunina sem tilvísanir í þessa ákvörðun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í III. viðauka.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB 283, 31.10.2003, bls. 78. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2004, 24. september 2004 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 10.3.2005, bls. 7.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 268, 24.9.1991, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 16, 25.1.1993, bls. 22.

⁽⁴⁾ Sjá II. viðauka við þessa ákvörðun.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 268, 24.9.1991, bls. 1.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. október 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

AÐFERÐIR

A. Dauðhreinsun

Setja má samlokur (tvískelja lindýr) og sæsnigla í dauðhreinsun í loftþéttum ílátum sem eru í samræmi við kröfumar í 4. lið IV. kafla viðaukans við tilskipun 91/493/EBE.

B. Aðrar hitameðferðir

Meðhöndla má samlokur (tvískelja lindýr) og sæsnigla, í skel en ekki fryst, með einni af eftirfarandi aðferðum:

1. sökkkt í sjóðandi vatn í þann tíma sem það tekur hold lindýrsins að ná innra hitastigi, sem er a.m.k. 90 °C, og þessum lágmarkshita er haldið í a.m.k. 90 sekúndur,
2. soðið í þrjár til fimm mínútur í lokuðu rými þar sem hitinn er á bilinu 120–160 °C og þrýstingurinn er á bilinu 2–5 kg/cm² og því næst er haldið tekið úr skelinni og fryst þar til kjarnahiti þess er kominn niður í –20 °C,
3. gufusóðið undir þrýstingi í lokuðu rými, að því tilskildu að kröfum um suðutíma og innra hitastig lindýraholdsins, sem getið er í 1. lið, sé fullnægt og jöfn hitadreifing í lokuðu rými tryggð með fullgilttri aðferð innan ramma eigin innra eftirlitskerfis.

II. VIÐAUKI

Niðurfelld ákvörðun með breytingum

Ákvörðun 93/25/EBE (Stjtið. EB L 16, 25.1.1993, bls. 22)

Ákvörðun 97/275/EB (Stjtið. EB L 108, 25.4.1997, bls. 52)

*III. VIÐAUKI***Samsvörunartafla**

Ákvörðun 93/25/EBE	Þessi ákvörðun
1. gr.	1. gr.
—	2. gr.
2. gr.	3. gr.
Viðauki	I. viðauki
—	II. viðauki
—	III. viðauki